

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir,
nr. 472 13. apríl 1981.

1. gr.

Íslenskum Getraunum er heimilt að efna til getrauna um úrslit kappleikja í forkeppni heimsmeistaramóts í handknattleik 25.—28. febrúar 1986.

2. gr.

Um getraunina fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar fyrir Íslenskar Getraunir með þessum breytingum:

Frestur til að skila uppgjöri, sbr. 5. mgr. 10. gr., og til að skila getraunaseðlum, sbr. 6. mgr. 10. gr., skal vera til kl. 17.00 þriðjudaginn 25. febrúar 1986.

Ákvæði 2. másl. 8. mgr. 11. gr. á ekki við, og eru seðlar sem berast eftir lok skilafrests ógildir.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. um hlutkesti, sbr. 2. mgr. 12. gr., gildir ekki um leik sem færður er til, þannig að hann hefjist síðar, þó ekki síðar en 1. mars 1986.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um getraunir, nr. 59 22. maí 1972, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. janúar 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.